

Eftirlaunasjóður F.Í.A.

Ársreikningur

2008

Eftirlaunasjóður F.Í.A.
Hlíðasmára 8
201 Kópavogur
Kt. 650376-0809

Eftirlaunasjóður F.Í.A.

Ársreikningur

2008

Efnisyfirlit

Áritun endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar og áritun	3-4
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-17

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga í Eftirlaunasjóði F.Í.A.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Eftirlaunasjóðs F.Í.A. fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og settar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits eftirlaunasjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2008, efnahag hans 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög og settar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Ábending

Mjög óvenjulegar og sérstakar aðstæður hafa skapast á fjármálamarkaði, eins og þeim er lýst í lögum nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., og þeirrar almennu óvissu sem nú ríkir um áframhaldandi rekstur fjármálafyrirtækja landsins. Ekki er fyriséð hvaða áhrif þetta ástand hefur á stöðu lífeyrissjóðsins.

Við viljum benda á skýringu nr. 15 er varðar atburði eftir lok reikningsskiladags, en þar kemur m.a. fram að Fjármálaráðherra að tillögu FME skipaði umsjónaraðila með Eftirlaunasjóði F.Í.A. Okkur er ekki kunnugt um forsendur þeirrar ákvörðunar eða hvaða áhrif þeir atburðir sem eru að baki ráðstöfuninni munu hafa á rekstur sjóðsins í framtíðinni.

Kópavogi, 30. apríl 2009

Deloitte hf.



Björg Sigurðardóttir
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Við gerð þessa ársreiknings var í meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og undanfarin ár.

Alls greiddu 579 sjóðfélagar hjá 13 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins á árinu. Iðgjöld námu alls kr. 938,8 milljónum sem er 1,0% hækkun frá fyrra ári, en þá voru iðgjöldin kr. 929,2 milljónir.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu alls kr. 582,8 milljónum sem svarar til 20,0% hækkunar frá fyrra ári. Lífeyrisþegar voru að meðaltali 126. Á árinu fengu að meðaltali 86 greidd eftirlaun, 22 makalífeyri, 8 örorkulífeyri og 11 barnalífeyri.

Eftirlaunasjóðurinn er þátttakandi í samstarfi þriggja lífeyrissjóða um skiptingu örorkuáhættu sbr. 21. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 13.766 millj. kr. í árslok 2008. Á árinu lækkaði hún um kr. 1.842 millj. kr. eða um 11,8%. Hrein raunávöxtun á eignum lífeyrissjóðsins miðað við vísitölu neysluverðs var neikvæð um 26,02%.

Samkvæmt útreikningum tryggingastærðfræðings á áunnum réttindum sjóðfélaga í árslok námu lífeyrisskuldbindingar sjóðsins kr. 34.657 millj. miðað við 3,5% vexti. Séu eignir sjóðsins metnar með sama hætti að viðbættum framtíðariðgjöldum nema þær kr. 29.484 millj. kr. eða sem nemur 14,9% lægri fjárhæð en skuldbindingar sjóðsins.

Ef meira en 15% munur er á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga eftir tryggingafræðilega úttekt er lífeyrissjóði skylt samkvæmt lögum nr. 129/1997 að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sínum til þess að rétta stöðu sjóðsins.

Árið 2008 var afar erfitt fyrir Eftirlaunasjóð FÍA eins og aðra innlenda og erlenda lífeyrissjóði. Fall íslensku bankanna, hrun íslensku krónunar og veik staða íslenskra fyrirtækja á árinu hafði afar neikvæð áhrif á eignastöðu sjóðsins.

Sjóðurinn er með samning við NBI hf. um eignastýringu og rekstur hans. NBI hf. nýtti sér verðbréfasjóði Landsvaka við eignastýringu sjóðsins. Stærstur hluti eigna sjóðsins var í verðbréfasjóðunum sem fjárfestu í dreifðu safni innlendra og erlendra verðbréfa. Þetta fyrirkomulag hafði verið við lýði í mörg ár og reynt vel, bæði hvað varðar ávöxtun, áhættudreifingu og hagræði í rekstri.

Fall íslensku bankanna, hrun íslensku krónunnar og setning neyðarlaganna í október 2008 hafði mjög neikvæð áhrif á eignir verðbréfasjóða Landsvaka og þar með eignir lífeyrissjóðsins. Á einni viku urðu flest skuldabréf íslenskra fyrirtækja og banka verðlaus. Innlánum var veittur forgangur í skuldaröð umfram skuldabréf banka og stór hluti íslenskra fyrirtækja varð „tæknilega“ gjaldþrota vegna versnandi skuldastöðu í kjölfar hruns krónunnar.

Slaka ávöxtun sjóðsins má rekja til verðfalls á skuldabréfum íslenskra banka og fyrirtækja og þá sérstaklega skuldabréfa Kaupþings Banka hf., sem var í ársbyrjun stærsti útgefandi skuldabréfa á Íslandi á eftir Íbúðalánasjóði og íslenska ríkinu. Eign sjóðsins í innlendum hlutabréfum var óveruleg og sjóðurinn var ekki með neina áhættu af opnum gjaldmiðlasamningum við hrúnið í október 2008.

Um áramót færði sjóðurinn öll verðbréf Landsbanka Íslands hf., Kaupþings Banka hf. og Glitnis hf. niður um 100%, að undanskildum verðbréfum þeirra með ríkisábyrgð. Samtals hafa skuldabréf útgefin af fyrirtækjum verið færð niður um 56,8%. Í ljósi versnandi efnahagsumhverfis ríkir ennþá óvissa um þá eign sem eftir er í skuldabréfum fyrirtækja. Engin óvissa ríkir um gjaldmiðlasamninga sjóðsins eða hugsanlega skuldajöfnun við skilaneindir gömlu bankanna.


Skýrsla stjórnar frh.

Stærstur hluti eigna sjóðsins er nú fjárfestur í tryggðum innlánnum ríkisbankanna og skuldabréfum með ríkisábyrgð.

Með erindisbréfi dagsettu 17. mars 2009 og með vísan í 46. gr laga nr. 129/1997 skipaði fjármálaráðherra undirritaðan sem umsjónaraðila fyrir Eftirlaunasjóð FÍA til 1. júlí 2009 að fenginni tillögu Fjármálaeftirlitsins. Umsjónaraðili tók við öllum réttindum og skyldum stjórnar og framkvæmdastjóra sjóðsins, sem viku frá störfum samhlíða því. Á sama tíma sendi Fjármálaeftirlitið mál sem varða sjóðinn til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara. Rannsókn saksóknara beinist að meintum brotum á fyrri hluta árs 2008 er varða skýrsluskil og 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Umsjónarmaður Eftirlaunasjóðs FÍA staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. apríl 2009.



Viðar Lúðvíksson, hrl.

skipaður umsjónaraðili Eftirlaunasjóðs FÍA skv. 46. gr. laga nr. 129/1997.

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2008

	Skýr.	2008	2007
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		188.262.257	185.953.588
Iðgjöld launagreiðenda		750.494.943	743.224.401
		<u>938.757.200</u>	<u>929.177.989</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir	3	582.725.746	485.459.022
Annar beinn kostnaður vegna örorku		87.000	27.000
		<u>582.812.746</u>	<u>485.486.022</u>
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum		(94.760.334)	(9.675.884)
Vaxtatekjur og gengismunur	4	314.765.428	1.115.957.619
Breytingar á niðurfærslu eigna	11	(2.398.343.967)	0
		<u>(2.178.338.873)</u>	<u>1.106.281.735</u>
Fjárfestingargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		6.809.595	6.436.454
Vaxtagjöld		55.443	284.583
Önnur fjárfestingargjöld		0	13.126.358
		<u>6.865.038</u>	<u>19.847.395</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		12.331.279	10.559.012
		<u>12.331.279</u>	<u>10.559.012</u>
Hækkun(lækkun) á hreinni eign á árinu		(1.841.590.736)	1.519.567.295
Hrein eign frá fyrra ári		15.607.556.717	14.087.989.422
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		<u>13.765.965.981</u>	<u>15.607.556.717</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

Eignir	Skýr.	31.12.2008	31.12.2007
Fjárfestingar			
Húseignir og lóðir	2,5,6	16.867.431	17.211.664
		<u>16.867.431</u>	<u>17.211.664</u>
Aðrar fjárfestingar			
Verðbréf með breytilegum tekjum	2,7	5.084.566.438	10.696.896.843
Verðbréf með föstum tekjum	2,8	1.831.921.659	2.133.394.742
Veðlán	2,9	2.463.630.446	2.544.907.495
Bundin innlán hjá lánastofnunum	10	3.870.081.424	0
		<u>13.250.199.967</u>	<u>15.375.199.080</u>
Fjárfestingar		<u>13.267.067.398</u>	<u>15.392.410.744</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur	2	88.912.825	70.711.185
Aðrar kröfur	17	469.520.178	5.222.791
		<u>558.433.003</u>	<u>75.933.976</u>
Aðrar eignir			
Sjóður og veltiinnlán		221.110.474	33.618.726
Aðrar eignir		0	129.082.000
		<u>221.110.474</u>	<u>162.700.726</u>
Eignir		<u>14.046.610.875</u>	<u>15.631.045.446</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir			
Aðrar skuldir	14,18	280.156.805	11.277.686
		<u>280.156.805</u>	<u>11.277.686</u>
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur			
Áfallinn kostnaður		488.089	12.211.043
		<u>488.089</u>	<u>12.211.043</u>
Skuldir		<u>280.644.894</u>	<u>23.488.729</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris alls		<u>13.765.965.981</u>	<u>15.607.556.717</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2008

	Skýr.	2008	2007
Inngreiðslur			
Iðgjöld		938.757.200	929.177.991
Fjárfestingartekjur		503.381.582	394.547.780
Afborganir verðbréfa		952.606.081	334.376.702
Seld verðbréf með breytilegum tekjum		12.085.577.160	10.045.572.896
Seld verðbréf með föstum tekjum		1.566.149.217	442.512.331
Aðrar inngreiðslur		(14.890.317)	(4.301.188)
		<u>16.031.580.923</u>	<u>12.141.886.512</u>
Útgreiðslur			
Lífeyrir		583.714.247	481.726.554
Fjárfestingargjöld		55.443	284.583
Rekstrarkostnaður án afskrifta		31.892.665	18.882.258
		<u>615.662.355</u>	<u>500.893.395</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu			
		<u>15.415.918.568</u>	<u>11.640.993.117</u>
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting			
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum		9.686.593.402	10.442.075.276
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum		1.334.472.725	521.916.250
Ný veðlán og útlán		337.279.269	659.310.000
Bundin innlán		3.870.081.424	0
		<u>15.228.426.820</u>	<u>11.623.301.526</u>
Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánum			
Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánum		187.491.748	17.691.591
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun		33.618.726	15.927.135
Sjóður og veltiinnlán í árslok		<u>221.110.474</u>	<u>33.618.726</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Eftirlaunasjóður F.Í.A. starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Meginstarfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingasjóðs. Sjóðurinn er aðili að "Samkomulagi um skiptingu örorkuáhættu lífeyrissjóða" sem NBI hf. hefur umsjón með. Tilgangur þessa samkomulags er að uppfylla ákvæði framangreindra laga um áhættudreifingu hjá sjóðnum þar sem fjöldi sjóðfélaga nær ekki tilskyldum fjölda sem skal að lágmarki vera 800 samkvæmt lögum.

Lífeyrisréttindi

Með iðgjaldgreiðslum til öflunar lífeyrisréttinda í sameign ávinnur sjóðfélagi sér og maka sínum og börnum eftir því sem við á, rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris og maka- og barnalífeyris. Réttur til töku ellilífeyris hefst þegar sjóðfélagi er orðinn 65 ára. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira. Andist sjóðfélagi, eiga eftirlifandi maki og börn rétt á lífeyri úr sjóðnum. Í samþykktum sjóðsins er kveðið nánar á um ávinnslu réttinda en hún var óháð aldri fram til ársloka 2008 en frá og með 1. janúar 2009 er hún aldurstengd.

Eftirlaunasjóðurinn ábyrgist lífeyrisskuldbindingar sínar með eignum sínum. Árlega er gerð tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins og getur hún haft áhrif á lífeyrisréttindi, því sjóðnum er skylt að auka eða skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga fari munur milli eigna og lífeyrisskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk.

Samtrygging

Lífeyrissjóðurinn veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum laganna. Skylduaðild er að lífeyrissjóðnum og er kveðið á um iðgjald til sjóðsins í kjarasamningum F.Í.A. Þeir einir hafa aðild að þessum sjóði sem eru félagsmenn í Félagi íslenskra atvinnuflugmanna. Launamönnum þessa félags ber að greiða 4% af heildarlaunum sínum til þessa sjóðs á móti 16% framlagi atvinnurekenda eða samtals 20% sem kallast lágmarksíðgjald og skulu þau renna til samtryggingardeildar sjóðsins. Sjóðfélagar hafa þó heimild til þess að ráðstafa allt að 8% af heildariðgjaldi sínu til séreignarsjóðs að eigin vali.

Fjárvarsla

NBI hf. sér um vörslu og ávöxtun verðbréfasafns sjóðsins.

Starfræksla sjóðsins

NBI hf. annast starfrækslu lífeyrissjóðsins samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og bankans.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Eignir hafa verið metnar með hliðsjón af tapshættu í kjölfar bankahruns í október 2008.

Gjaldmiðlar og vísitölur

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Áhættustjórnun

Sjóðurinn hefur gert framvirka gjaldmiðlasamninga við lánastofnanir. Samningarnir eru gerðir í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu vegna eigna sjóðsins. Samningarnir eru gerðir upp á markaðsverði. Höfuðstóll samninganna er ekki færður í efnahagsreikning, en afkoma þeirra er færð í yfirlit um breytingu á hreinni eign og efnahagsreikning. Samningarnir eru færðir í efnahagsreikning með öðrum eignum eða öðrum skuldum eftir því hvort staða þeirra er jákvæð eða neikvæð.

Skráning iðgjalda

Iðgjöld eru tekjufærð þegar iðgjaldaskilagreinar berast sjóðnum. Óinnheimt iðgjöld í árslok að fjárhæð kr. 88,9 milljónir eru eignfærð sem kröfur á launagreiðendur í efnahagsreikningi að frádreginni niðurfærslu að fjárhæð kr. 926 þús. Við mat iðgjaldakrafna er stuðst við gögn sem fyrir liggja um skil eftir lok reikningstímabils.

Lífeyrir

Lífeyrir er gjaldfærður þegar hann er greiddur til lífeyrisþega.

Skráning tekna

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi íslensku krónunnar.

Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánnum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og bankainnstæðum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á gengi innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Verðbréf

Verðbréfaeign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum, og veðlán. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum eða verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Óskráð bréf eru metin á kaupverði eða áætluðu markaðsverði hvort sem lægra er. Innlendir verðbréfasjóðir eru niðurfærðir samkvæmt mati um 2.132,8 milljónir í ársreikningi.

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi. Afleiðutengd skuldabréf eru færð til eignar á markaðsverði. Skuldabréf fyrirtækja og lánastofnana eru niðurfærð samkvæmt mati um 263,6 milljónir í ársreikningi.

Veðlán eru útlán til sjóðfélaga sem veitt eru gegn veði í fasteignum. Sjóðfélagabréf eru færð til eignar með áföllnum vöxtum miðað við vaxtakjör þeirra.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvörðis.

3. Lífeyrir

Lífeyrir greinist þannig:

	Lífeyrir alls	2007
Ellilífeyrir	489.188.294	412.700.670
Örorkulífeyrir	40.566.489	30.242.089
Makalífeyrir	49.543.567	42.044.592
Barnalífeyrir	7.936.110	3.142.545
Lífeyrir alls	587.234.460	488.129.896
Framlag Uppbótarsjóðs F.Í.A.	(968.423)	(3.292.801)
Framlag upp í örorkulífeyri skv. örorkusamkomulagi lífeyrissjóða	(3.540.291)	621.927
	582.725.746	485.459.022

Skýringar

4. Vaxtatekjur og gengismunur

Vaxtatekjur og gengismunur greinast þannig:	2008	2007
Vaxtatekjur og verðbætur af bankainnstæðum og skammtímafrófum	186.464.489	4.422.179
Vanskilavextir af iðgjöldum	3.400.627	0
Vaxtatekjur af verðbréfum	196.264.653	169.333.779
Verðbætur og gengismunur af verðbréfum	(37.288.203)	565.321.280
Vanskilagjöld af innheimtubréfum	1.712.706	645.859
Gengismunur framvirkra samninga og gjaldeyrisreikninga	(35.788.844)	376.234.522
	<u>314.765.428</u>	<u>1.115.957.619</u>

5. Rekstrargjöld

Laun og tengd gjöld greinast þannig:	2008	2007
Stjórnarlaun	6.464.730	6.690.804
Bifreiðastyrkir	1.609.478	1.664.976
Launatengd gjöld	974.764	1.010.048
	<u>9.048.972</u>	<u>9.365.828</u>

Hjá lífeyrissjóðnum starfar enginn starfsmaður en samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og NBI hf. annast bankinn starfrækslu sjóðsins.

Í heildarlaun, hlunnindi og þóknarir til stjórnar sjóðsins sundurliðast þannig:

	2008
Örnólfur Jónsson, stjórnarformaður.....	2.699.266
Magnús Br. Jóhannsson	2.024.428
Baldur Þór Bjarnason	1.854.308
Guðmundur Pálsson	733.968
Hlynur Elísson.....	733.968
Helgi Sigurður Skúlason.....	14.135
Magnús Friðriksson	14.135

Þóknun til endurskoðenda sundurliðast þannig:

	2008	2007
Endurskoðun ársreiknings.....	950.000	700.000
Gerð ársreiknings	473.406	461.611
	<u>1.423.406</u>	<u>1.161.611</u>

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir
Stofnverð í ársbyrjun.....	18.008.717
Afskrifað áður	(797.053)
Bókfært verð í ársbyrjun.....	17.211.664
Viðbót á árinu.....	0
Afskrifað á árinu	(344.233)
Bókfært verð í árslok.....	16.867.431
Afskriftarhlutföll	2%

Fasteignamat og vátryggingamat eigna lífeyrissjóðsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Vátrygginga- mat	Bókfært verð
Hlíðasmári 8, 20% eignarhlutur.....	10.410.000	14.090.000	16.867.431
Hlíðasmári 8, lóð 20%.....	1.418.000		
	11.828.000	14.090.000	16.867.431

7. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

Eignarhlutar í innlendum hlutafélögum	2.880.778
Hlutdeildarskírteini og aðrir sjóðir í innlendum verðbréfasjóðum	4.350.511.320
Hlutdeildarskírteini og aðrir sjóðir í erlendum verðbréfasjóðum	731.174.340
	5.084.566.438

Eignarhlutar í innlendum félögum greinast þannig:

Skráð félög:	Hlutdeild	Nafnverð	Bókfært verð
Marel Food Systems hf.	Óveruleg	17.294	1.345.473
Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf.	"	789.052	1.467.637
			2.813.110
Óskráð félög:			
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða	Óveruleg	67.668	67.668
Hlutabréfacign alls			2.880.778

Skýringar

Hlutdeildarskírteini greinast þannig:

	<u>Bókfært verð</u>
Innlendir sjóðir:	
Sjóðir með hlutabréfum	111.579.384
Sjóðir með skuldabréfum	4.238.931.936
	<u>4.350.511.320</u>
Erlendir sjóðir:	
Sjóðir með hlutabréfum	731.174.340
Sjóðir með skuldabréfum	0
	<u>731.174.340</u>
Hlutdeildarskírteini alls	<u>5.081.685.660</u>

Innlendir sjóðir sundurliðast þannig:

Innlendir verðbréfasjóðir með hlutabréfum:

Úrvalsbréf		30.239.374
Aðrir innlendir sjóðir með hlutabréfum:		
Landsbanki Nordic 40, óskráð.....	EUR	81.340.010
		<u>111.579.384</u>

Innlendir verðbréfasjóðir með skuldabréfum:

Markaðsbréf stutt.....	497.658.255	
Markaðsbréf meðal.....	785.783.763	
Markaðsbréf löng.....	523.301.580	
Fyrirtækjabréf L.Í.....	<u>1.615.853.741</u>	3.422.597.339
Aðrir innlendir sjóðir með skuldabréfum:		
Landsbanki Diversified Yield Fund, óskráð	<u>2.653.700</u>	2.653.700

Óhefðbundnar fjárfestingar í innlendum sjóðum, óskráðar:

Landsbanki Currency Fund		108.670.720	
Landsbanki Absolute Return Strategies	USD	266.793.780	
Landsbankinn Mezzanine Fund	GBP	33.736.173	
Landsbanki Mezzanine Fund II	GBP	359.594.250	
Landsbanki Private Equity II	EUR	<u>44.885.974</u>	813.680.897
			<u>4.238.931.936</u>

Erlendir sjóðir sundurliðast þannig:

			<u>Bókfært verð</u>
Erlendir sjóðir með hlutabréfum:			
Global Opportunity Fund I.....	EUR	540.004.083	
European Opportunity Fund I.....	EUR	147.971.524	
Nordic Opportunity Fund I.....	EUR	<u>43.198.733</u>	731.174.340
			<u>731.174.340</u>
Hlutdeildarskírteini og aðrir sjóðir alls			<u>5.081.685.660</u>

Skýringar

8. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

	Skráð	Óskráð	Samtals
Skuldabréf með ríkisábyrgð			
Skuldabréf Húsnæðisstofnunar	11.001.426		11.001.426
Íbúðabréf	978.049.844		978.049.844
Fjárfestingalánasjóðir með ábyrgð ríkisins	15.653.163	7.265.730	22.918.893
	1.004.704.433	7.265.730	1.011.970.163
Skuldabréf sveitarfélaga	48.029.012	11.007.813	59.036.825
Skuldabréf lánastofnana	0	159.549.657	159.549.657
Skuldabréf fyrirtækja	549.918.708	51.446.306	601.365.014
Verðbréf með föstum tekjum alls	1.602.652.153	229.269.506	1.831.921.659

9. Veðlán

Veðlán greinast þannig:

	Bókfært verð
Skuldabréf sjóðfélaga	2.379.275.201
Önnur veðlán	100.036.372
Niðurfærsla veðskuldabréfa	(15.681.127)
	2.463.630.446

10. Bundin innlán

Bundin innlán greinast þannig:

	Bókfært verð
Landsbók, sparisjóðsreikningur.....	2.630.951.467
Innlán Kaupþing	1.100.861.056
Innlán Straumur	138.268.901
	3.870.081.424

11. Afskriftarreikningur

Afskriftarreikningur greinist þannig:

Niðurfærsla veðlana í ársbyrjun	15.681.127
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu vegna verðbréfa og viðskiptakrafna	2.398.343.967
Afskrifuð viðskiptakrafa í árslok.....	(1.941.771)
	2.412.083.323

Niðurfærslureikningur í árslok greinist þannig á helstu flokka verðbréfa:

Niðurfærsla verðbréfa með breytilegum tekjum, Fyrirtækjabréf LÍ og erl. hlutabrsjóðir.....	2.132.767.830
Niðurfærsla verðbréfa með föstum tekjum	263.634.366
Niðurfærsla veðlana.....	15.681.127
	2.412.083.323

Skýringar

12. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

	Í íslenskum krónum	Í erlendum gjaldmiðlum	Samtals
Verðbréf með breytilegum tekjum	3.600.778.084	1.483.788.354	5.084.566.438
Verðbréf með föstum tekjum	1.831.921.659		1.831.921.659
Veðlán.....	2.463.630.446		2.463.630.446
Bundin innlán.....	3.870.081.424		3.870.081.424
	<u>11.766.411.613</u>	<u>1.483.788.354</u>	<u>13.250.199.967</u>
Hlutfallsleg skipting	88,8%	11,2%	100,0%
Fjárfestingar í erlendum gjaldmiðlum skiptast þannig:			
Í USD		266.793.780	
Í EUR		857.400.324	
Í GBP		359.594.250	
		<u>1.483.788.354</u>	

13. Markaðsverð fjárfestinga sjóðsins

Markaðsverð fjárfestinga sjóðsins er áætlað kr. 9.362 milljónir eða um kr. 18 milljónum lægra en bókfært verð að teknu tilliti til niðurfærslu eigna.

14. Ábyrgðir og skuldbindingar

Lífeyrissjóðurinn hefur gert framvirka gjaldmiðlasamninga við lánastofnanir á árinu. Samningarnir eru gerðir í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu vegna erlendra eigna sjóðsins. Í október var búið að loka öllum samningum en vegna bankahrunsins þá voru samningarnir óuppgerðir í árslok að fjárhæð kr. 12.528.000.

15. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Eftir lok reikningsársins eða í mars 2009 var Straumur-Burðarás yfirtekinn af Fjármálaeftirlitinu. Eignir sjóðsins í hlutabréfum félagsins námu kr. 1.467.637 í árslok. Innlánin hjá Straumi námu alls kr. 138.268.901 í árslok en hluti af innlánunum hefur ekki færst yfir til Íslandsbanka í apríl 2009 og óvissa ríkir um hve mikið af því er tryggt.

Þann 17. mars s.l. skipaði Fjármálaráðherra að tillögu Fjármálaeftirlitsins Viðar Lúðvíksson umsjónaraðila með Eftirlaunasjóði FÍA. Tillögur Fjármálaeftirlitsins um skipun umsjónaraðila eru fram komnar í kjölfar rannsóknar eftirlitsins á því hvort Eftirlaunasjóður FÍA hafi gerst brotlegur við lög varðandi starfsemi á árinu 2008. Fjármálaeftirlitið hefur vísað málinu til frekari rannsóknar sérstaks saksóknara sem hafið hefur opinbera rannsókn á hinum meintu brotum sem snúa að því hvort sjóðurinn hafi farið út fyrir fjárfestingarheimildir og brotið gegn reglum um skýrsluskil á fyrri hluta árs 2008. Óvissa ríkir um hvaða áhrif þeir atburðir sem eru að baki ráðstöfuninni munu hafa á rekstur sjóðsins í framtíðinni.

Skýringar

16. Lífeyrisskuldbindingar

Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum sjóðsins:

Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi nemur áfallin lífeyrisskuldbinding sjóðsins 20.831 milljónum króna í árslok 2008 miðað við 3,5% ársvexti og að teknu tilliti til áætlaðs kostnaðar við rekstur sjóðsins. Endurmetin hrein eign sjóðsins í árslok 2008 reiknast 15.137 milljónir króna eða 5.693 milljónir króna lægri. Lífeyrisskuldbinding sjóðsins í árslok 2008 greinist þannig:

	Áfallin skuldbinding m.kr.	Framtíðar- skuldbinding m.kr.	Heildar- skuldbinding m.kr.
Eignir			
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	13.765.966		13.765.966
Núvirði verðbréfa, hækkun.....	1.522.193		1.522.193
Lækkun vegna fjárfestingargjalda.....	(150.971)		(150.971)
Verðmæti framtíðariðgjalda	0	14.346.898	14.346.898
	<u>15.137.188</u>	<u>14.346.898</u>	<u>29.484.086</u>
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir	15.885.505	10.235.787	26.121.292
Örorkulífeyrir	1.111.059	1.172.305	2.283.364
Makalífeyrir	3.516.820	2.082.849	5.599.669
Barnalífeyrir	211.883	192.842	404.725
Rekstrarkostnaður	105.279	142.389	247.668
	<u>20.830.546</u>	<u>13.826.172</u>	<u>34.656.718</u>
Eignir umfram skuldbindingar	(5.693.358)	520.726	(5.172.632)
Í hlutfalli af skuldbindingum	-27,3%	3,8%	-14,9%
Skuldbindingar vegna ellilífeyris greinast þannig:			
Ellilífeyrir	14.514.198	8.815.721	23.329.919
Ellilífeyrir vegna örorku	1.371.307	1.420.066	2.791.373
	<u>15.885.505</u>	<u>10.235.787</u>	<u>26.121.292</u>

17. Aðrar kröfur

Útistandandi kröfur vegna seldra verðbréfa	464.612.262
Viðskiptamenn v/örorkusamkomulags	3.380.787
Krafa á L.Í. vegna endurgreiddra sölulauna og seðilgjalda	1.507.760
Aðrar kröfur	19.369
	<u>469.520.178</u>

18. Aðrar skuldir

Ógreidd launatengd gjöld.....	14.292.531
Inneign launagreiðanda	11.314.274
Ógreidd verðbréfa kaup í árslok.....	242.022.000
Óafgreitt tap vegna framvirkra samninga í árslok	12.528.000
	<u>280.156.805</u>

Skýringar

19. Kennitölur

Fimm ára yfirlit um kennitölur sjóðsins

	2008	2007	2006	2005	2004
Hrein raunávöxtun	-26,02%	1,57%	8,77%	7,44%	5,95%
Nafnávöxtun	-13,92%	7,52%	16,33%	11,89%	
Meðaltal hreinnar raun- ávöxtunar sl. 5 ár	-1,43%	6,75%	5,61%	4,62%	3,78%
Meðaltal hreinnar raun- ávöxtunar sl. 10 ár	1,31%	5,10%	5,53%	5,32%	5,25%
Hlutfallsleg skipting annarra fjárfestinga:					
Skráð verðbr. með breytil. tekjum.....	31,60%	66,55%	63,93%	61,25%	62,73%
Skráð verðbr. m/ föstum tekjum.....	12,10%	10,16%	12,55%	19,78%	23,03%
Óskráð verðbr. með breytil. tekjum	6,78%	3,02%	7,39%	2,85%	0,81%
Óskráð verðbr. með föstum tekjum	1,73%	3,72%	2,27%	1,92%	1,85%
Veðlán	18,59%	16,55%	13,86%	14,21%	11,58%
Bundin innlán	29,21%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Hlutfallsleg skipting annarra fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum	88,80%	76,17%	76,93%	77,43%	84,25%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	11,20%	23,83%	23,07%	22,57%	15,75%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	579	579	559	485	399
Meðalfjöldi lífeyrisþega	126	113	103	103	99
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Ellilífeyrir	83,3%	84,5%	84,2%	81,0%	80,1%
Örorkulífeyrir	6,9%	6,2%	6,3%	8,5%	9,6%
Makalífeyrir	8,4%	8,6%	9,0%	9,9%	9,3%
Barnalífeyrir	1,4%	0,6%	0,5%	0,6%	1,0%
Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt:					
Hrein eign umfram					
heildarskuldbindingar	-14,9%	-0,5%	-0,9%	-3,3%	-5,0%
Hrein eign umfram					
áfallnar skuldbindingar	-27,3%	19,3%	19,2%	12,6%	5,8%

Sundurliðanir

	2008	2007
Tekjur af eignarhlutum		
Arður af innlendum hlutabréfum	7.914.867	6.198.939
Hækkun/lækkun á markaðsverði hlutabréfa	(102.675.201)	(15.874.823)
	<u>(94.760.334)</u>	<u>(9.675.884)</u>
Vaxtatekjur og gengismunur		
Vaxtatekjur og verðbætur af bankainnst. og skammt.kröfum	186.464.489	4.422.179
Vanskilavextir af iðgjöldum	3.400.627	0
Vextir og gengismunur af langtímakröfum:		
Vextir af verðbréfum	196.264.653	169.333.779
Verðbætur og gengismunur af verðbréfum og sjóðum	765.139.931	(129.068.930)
Gengismunur innlendra verðbréfaeignar innleystur	(996.113.093)	718.134.564
Uppreikningur erlendra verðbréfaeignar	(90.585.827)	(471.664.765)
Gengismunur erlendra verðbréfaeignar innleystur	284.270.786	447.920.411
Vanskilavextir af innheimtubréfum	1.712.706	645.859
Gengismunur framvirkra samninga innleystur	(111.132.040)	205.374.513
Gengismunur framvirkra samninga óinnleystur	(12.528.000)	129.082.000
Gengismunur gjaldeyrisreikninga	87.871.196	41.778.009
	<u>124.900.312</u>	<u>1.111.535.440</u>
Vaxtatekjur og gengismunur alls	<u>314.765.428</u>	<u>1.115.957.619</u>
Vaxtagjöld		
Innheimtulaun til banka og önnur vaxtagjöld	42.036	45.466
Önnur vaxtagjöld	13.407	239.117
	<u>55.443</u>	<u>284.583</u>
Önnur fjárfestingargjöld		
Söluþóknarir v/verðbréfa og afgreiðslugjöld	0	220.987
Árangurstengd þóknun	0	12.905.371
	<u>0</u>	<u>13.126.358</u>

Sundurliðanir

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	2008	2007
Laun og launatengd gjöld		
Stjórnarlaun	6.464.730	6.690.804
Bifreiðastyrkir	1.609.478	1.664.976
Lífeyrissjóðsgjöld	516.049	535.263
Tryggingargjald	458.715	474.785
	<u>9.048.972</u>	<u>9.365.828</u>
Aðkeypt þjónusta		
Endurskoðun og reikningsskil	1.423.406	1.161.611
Tryggingafræðileg aðstoð	3.591.205	1.338.379
Lögfræðiaðstoð	387.505	535.973
Tölvukostnaður	73.269	18.675
	<u>5.475.385</u>	<u>3.054.638</u>
Húsnæðiskostnaður		
Annar húsnæðiskostnaður	40.366	1.190.915
Fyrning fasteignar sbr. skýring nr. 5.	344.233	351.258
	<u>384.599</u>	<u>1.542.173</u>
Annar kostnaður		
Pappír, prentun, fjölskrifun	531.388	114.165
Símakostnaður	741.751	518.714
Kostnaður vegna ársfundar	62.509	7.774
Árgjald til Fjármálaeftirlitsins	2.469.000	1.860.000
Árgjald til LL	278.930	272.855
Ýmislegt	167.709	391.031
	<u>4.251.287</u>	<u>3.164.539</u>
Hlutdeild Sjúkra- og Uppbótarsjóðs í rekstrarkostnaði	(19.369)	(131.712)
	<u>4.231.918</u>	<u>3.032.827</u>
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður alls	<u>19.140.874</u>	<u>16.995.466</u>

Sundurliðanir

	2008	2007
Skipting skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar:		
Umsýsla og stjórnun vegna fjárfestinga sjóðsins:		
Laun og launatengd gjöld (1/2)	4.524.486	4.682.914
Endurskoðun, og önnur sérfræðiaðstoð (1/4)	355.852	290.403
Lögfræðiaðstoð (1/4)	96.876	133.993
Eftirlitsgjöld til FME (3/4)	1.851.750	1.395.000
	<u>6.828.964</u>	<u>6.502.310</u>
Hlutdeild Sjúkra- og Uppbótarsjóðs í kostnaði	<u>(19.369)</u>	<u>(65.856)</u>
	<u>6.809.595</u>	<u>6.436.454</u>
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður vegna rekstrar:		
Laun og launatengd gjöld	4.524.486	4.682.914
Tryggingafræðileg aðstoð	3.591.205	1.338.379
Endurskoðun og önnur sérfræðiaðstoð	1.067.555	871.208
Lögfræðiaðstoð	290.629	401.980
Tölvukostnaður	73.269	18.675
Húsnæðis- og áhaldakostnaður	384.599	1.542.173
Eftirlitsgjöld til FME	617.250	465.000
Landssamtök lífeyrissjóða	278.930	272.855
Annar kostnaður	1.503.357	1.031.684
	<u>12.331.279</u>	<u>10.624.868</u>
Hlutdeild Sjúkra- og Uppbótarsjóðs í kostnaði	<u>0</u>	<u>(65.856)</u>
	<u>12.331.279</u>	<u>10.559.012</u>